AUSTURLAND

1. desember 2016

19. TÖLUBLAÐ, 5. ÁRGANGUR

Músadagar Írisar



Kristín tekur við MMF

Megas og Þórbergur

Aðventan gengur í garð

Eins og sjá má á altaristöflu hinnar ríflega 130 ára gömlu Stafafellskirkju í Lóni arkar nú Kristur til móts við land og lýð. Börnum og fullorðnum er tamt að varðveita í huga sér sakleysi og gleði hins ljúfa Jesúbarns á aðventu og víða um fjórðunginn er helgisagan góða um fæðingu Frelsarans rifjuð upp til uppbyggingar og fræðslu á næstu vikum. Á meðan keppast aðrir við að gera lítið úr öllu trúarlegu innihaldi hátíðarinnar og rifja upp rætur jóla í heiðnum sið og ljósahátíðum forneskjunnar. Það er vel og una flestir glaðir við sitt þó valið á eggjum í jólaísinn vandist á þessum síðustu og verstu tímum. Það eru góð og þjóðleg sannindi að í upphafi skuli endinn skoða og koma manni þá í hug orð Krists á krossinum; „Faðir, fyrirgef þeim, því vita ekki hvað þeir gjöra“ (Lk 23.34). Að vita, skilja, þekkja og hafa séð hina einu sönnu jólagleði er takmark okkar allra, hverrar trúar sem við kunnum að vera. Austfirðingar sem aðrir landsmenn vita að erill og spenna desembermánaðar lítur enn samspili ljóss og myrkurs, afköstin eru háð veðri og vindum. Í síðustu viku völdu sóknarbörn í hinu víðfeðma Bjarnanesprestakalli sér í fyrsta skipti kvenprest til að þjóna á svæðinu og er það vel, Austurland óskar Maríu Rut Baldursdóttur blessunar og velfarnaðar í starfi.

Jólaskeiðin 2016

Hin eina sanna

Smíðuð úr 925 sterling silfri • 70 ára saga

17.900 kr.

Fæst aðeins í verslun
Guðlaugs A. Magnússonar
Skólavörðustígur 10 • 562 5222

ÞJÓÐIN ÞARF AÐ HLÆJA!

Bráðskemmtilegar bækur sem koma öllum - og þér líka - í gott skap!

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
holar@holabok.is — www.holabok.is

Sérhæfum okkur í Apple

Gerum við Apple vörur

iPone í úrvali

Allskyns aukahlutir

iSíminn
Skipholti 21
s: 534 1400

Aðventustundir og helgihald

EGILSSTAÐAPRESTAKALL
Aðventuhátíð og afmæli Þingmúlakirkju Laugardaginn 3. desember kl. 14:00 fer sameiginleg aðventuhátíð Vallanes- og Þingmúlasókna fram í Þingmúlakirkju. Jafnframt er haldið upp á 130 ára afmæli Þingmúlakirkju, sem var vígð á aðventu árið 1886. M.a. segir sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson, fv. sóknarprestur, frá aðstæðum fólks við byggingu kirkjunnar.
Að lokinni samverustund í kirkjunni býður sóknarnefnd í afmæliskaffi á Arnhólsstöðum.
Fjölbreytt og jólaleg tónlistaratriði verða flutt bæði í kirkjunni og kaffinu. Þær Ragnhildur Elín, Soffía Mjöll og Sara Lind koma fram, svo og hópur ungra stúlkna í söngnámi. Védís Klara Þórðardóttir syngur einsöng. Kór Vallaness og Þingmúla syngur og leiðir almennan söng.

4. desember, annar sunnudagur í aðventu: Egilsstaðakirkja: Sunnudagaskóli kl. 10:30 (síðasti fyrir jól) – Aðventuhátíð kl. 18:00
Seyðisfjarðarkirkja: Sunnudagaskóli kl. 10:30 (síðasti fyrir jól)
Valþjófsstaðarkirkja: Aðventukvöld kl. 20:00 – ræðumaður Arnaldur Máni Finnsson

8.desember, fimmtudagur: Kirkjuselið í Fellabæ: „Jól í skugga sorgar" – samvera kl. 20:00

11.desember, þriðji sunnudagur í aðventu: Eiðakirkja: Aðventuhátíð Eiða- og Hjaltastaðarsókna kl. 14:00
Hofteigskirkja: Aðventustund kl. 16:00
Seyðisfjarðarkirkja: Aðventuhátíð kl. 18:00

12.desember, mánudagur: Bakkagerðiskirkja: Aðventukvöld kl. 20:00

18.desember, fjórði sunnudagur í aðventu: Egilsstaðakirkja: Kyrrðarstund með altarisgöngu kl. 20:00

23. desember, Þorláksmessa:
Seyðisfjarðarkirkja: Friðarganga kl. 16:30, gengið frá spítalanum að kirkjunni.
Egilsstaðakirkja: Jólatónar – organisti og gestir leika kl. 22:00-23:00, hægt að koma og fara að vild

24. desember, aðfangadagur jóla:
Egilsstaðakirkja: Jólastund barnanna kl. 14:00 – Aftansöngur kl. 18:00 – Náttsöngur kl. 23:00
Seyðisfjarðarkirkja: Aftansöngur kl. 18:00
Eiðakirkja: Náttsöngur kl. 23:00
Kirkjuselið í Fellabæ: Helgistund kl. 23:00

25. desember, jóladagur: Áskirkja í Fellum: Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:00
Seyðisfjarðarkirkja: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00 – Sjúkrahús Seyðisfjarðar kl. 15:00
Þingmúlakirkja: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00 (sameiginleg fyrir Vallanes- og Þingmúlasóknir)
Valþjófsstaðarkirkja: Hátíðarguðsþjónusta kl. 15:00

26. desember, annar í jólum:
Egilsstaðakirkja: Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14:00 – Hjúkrunarheimilið Dyngja kl. 15:00
Hjaltastaðarkirkja: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00
Kirkjubæjarkirkja: Hátíðarguðsþjónusta Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssókna kl. 14:00

27. desember, þriðji í jólum:
Hofteigskirkja: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00
31.desember, gamlársdagur:
Egilsstaðakirkja: Aftansöngur kl. 16:00

HEYDALAPRESTAKALL
Sunnudagur 4. desember.
Aðventuhátíð í Stöðvarfjarðarkirkju kl. 16.00 og í Heydalakirkju kl. 18.00.
Sunnudagur 11. desember.
Kirkjuskóli barnanna í Stöðvarfjarðarkirkju kl. 11.00 og í Grunnskólanum á Breiðdalsvík kl. 13.00.
Aðfangadagskvöld.
Aftansöngur í Stöðvarfjaðarkirkju kl. 18.00 og Náttöngur í Heydalakirkju kl. 23.00
Annar í jólum.
Hátíðarguðsþjónusta í Stöðvarfjarðarkirkju kl. 11.00 og í Heydalakirkju kl. 13.00.

DJÚPAVOGSPRESTAKALL
Aðventudagskrá
4. des. kl. 17.00: Aðventuhátíð í Djúpavogskirkju
11. des. Aðventustund sunnudagaskólans í Djúpavogskirkju kl. 11.00.
24. des. kl. 18.00: Aftansöngur í Djúpavogskirkju
Nýársdagur: Hátíðarguðsþjónusta í Hofskirkju í Álftafirði.

HÖFN OG NÆRSVEITIR
Aðventustundir
Hofskirkja í Öræfum 2. des. kl. 17:00
Kálfafellsstaðarkirkja 10. des. kl. 17:00
Brunnhólskirkja 10. des. kl. 20:00
Hafnarkirkja 11. des. kl. 17:00
Bjarnaneskirkja 11. des. kl. 20:00

Jólahelgihald
Hafnarkirkja 24. des. kl. 18:00
Bjarnaneskirkja 25. des. kl. 14:00
Brunnhólskirkja 25. des. kl. 16:00
Hofskirkja í Öræfum 26. des. kl. 15:00
Stafafellskirkja 27. des. kl. 13:00
Hofellskirkja 30. des. kl. 14:00
Hafnarkirkja 31. des. kl. 18:00

Mynd af þér – mjög ok

Sigurður Atli Sigurðsson opnaði sýningu sína Mynd af þér, í Skaftfelli sl. laugardag. Hann útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2011 og fór í kjölfarið í framhaldsnám til Frakklands. Þar kláraði hann MA frá École Supérieure des Beaux-Arts de Marseille og hefur verið ötull í sýningarhaldi frá útskrift. Ber þar helst að nefna: Do Disturb í Palais de Tokyo, París 2016; Subversion of the Sensible í Mílanó, 2014; Feldstarke í Kyoto Art Center, 2014 og Sleeper Horses – í samstarfið við Erin Gigl (US) í Gallerí Úthverfu á Ísafirði 2014. Undanfarið hefur Sigurður Atli stundað kennslu við Myndlistaskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands þar sem hann hefur umsjón með prentverkstæði skólans.

Suðurveggur Skaftells er þakinn 75 innrömmuðum teikningum sem vísa í naumhyggjulist en innan hvers ramma eru fundnar teikningar eða krot en saman myndar heildin áhugavert samspil lita og forma sem kallast á við ljósmyndir Sigurðar þar sem einstaklingarnir á þeim snúa baki í ljósmyndarann. Í bókverki sem gefið er út í tengslum við sýninguna í takmörkuðu upplagi er dýpri innsýn veitt inní verkin, og meðal annars fjallað um strangflatarmynd hans af jökulinum Ok, sem ekki lengur er jökull heldur fjall. Þar eru einnig áhugaverðar vangaveltur að finna um myndlist Sigurðar sem er upprennandi stjarna í heimi íslenskrar myndlistar. Sýningarstjóri er Gavin Morrison.

KIRKJUVEGUR; ÓLÉTTUDRAMA

Aðventusýning Skemmtifélags Vopnafjarðar

Skemmtifélagið á Vopnafirði telur um 60 manns en húsfyllir var á Aðventusýningu þess annað árið í röð þar sem framhaldsleikritið Kirkjuvegur – að liðnu ári var sýnt við góðar undirtektir. Að sögn Sigurþóru Hauksdóttur verst Skemmtifélagið almennt allra frétta varðandi félagsskapinn þar sem enginn einn ræður för eða svarar fyrir uppátæki þess en þó viðurkennir hún að þær Borghildur Sverrisdóttir haldi utan um hópinn og hafi þróað leikritið og textann. „Hópurinn mótar söguþráðinn svo áfram í sameiningu og hver leikari hefur áhrif á sínar replikkur því hugsunin er nú sú að gera þetta sem hópur sem nýtur þess að skemmta sér saman og hver öðrum." Að sögn Sigurþóru komu rúmlega 30 manns að jólasýningunni í þetta skipti með hljómsveit og tæknimönnum. Þetta er fjórða sýningin sem félagið setur upp á þeim tveimur árum sem eru liðin frá stofnun þess en stefnt er að því að hafa árlega jólaskemmtun á laugardag fyrir 1da sunnudag í aðventu en yrkisefni verksins endurspeglar oft hið spaugilega sem hefur verið í gangi í samfélaginu síðustu misseri.

Fimm óléttar í bænum

„Það varð auðvitað að hafa eina ólétta í þessu í ár, en um leið var nú næstum enn meira vesen að fela að ein leikkonan var ólétt. Þetta er náttúrulega aðal-trendið á Vopnafirði þessa dagana," bætir Sigurþóra við í gamansömum tón. Þess má geta að um þessar mundir eru a.m.k. fimm konur barnshafandi í bænum og því lítur út fyrir að það verði sprenging í barnsfæðingum á árinu 2017 miðað við árin á undan þar sem árgangarnir eru örlitlir eða tómir. Það er mikið ánægjuefni fyrir alla þar sem stefndi í nokkur vandræði við að halda út yngri deildum leikskóla bæjarins á næstu árum. Með helstu aðalhlutverk í sýningunni Kirkjuvegur – Að ári liðnu fóru Kolbrún Gísladóttir, Agnar Karl Árnason, Ásgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg Ásta Jakobsdóttir og Ólafur í Strandhöfn. Fjölmargir komu svo að sýningunni í heild með því að taka lag eða flytja smá gamanmál. Mynd Birna Guðnadóttir.

Guðjón forstjóri HSA

Guðjón Hauksson, deildarstjóri hjúkrunardeildar Fjórðungssjúkrahússins, hefur verið skipaður forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) frá 1. janúar næstkomandi. Guðjón var metinn hæfastur umsækjenda um stöðuna. Guðjón er fæddur árið 1981 og lauk BS gráðu í hjúkrun frá Háskóla Íslands árið 2006, meistaragráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 2009 og árið 2011 útskrifaðist hann með meistaragráðu frá Boston University School of Public Health á sviði rannsókna tengdum heilbrigðisþjónustu.

Guðjón hefur frá 2013 starfað sem deildarstjóri á Fjórðungssjúkrahúsinu. Einnig hefur hann starfað sem sérfræðiráðgjafi hjá Lyfjagreiðslunefnd, gegnt stöðu sérfræðings í velferðarráðuneytinu, starfað sem verkefnastjóri á Landspítala og sem hjúkrunarfræðingur á árunum 2006 – 2008. Í niðurstöðu hæfnisnefndar segir m.a. að Guðjón hafi góða þekkingu og yfirsýn á heilbrigðisþjónustu, sé með skýra sýn á hlutverk Heilbrigðisstofnunar Austurlands og verkefni forstjóra, sé gæddur góðum leiðtogahæfileikum og hafi valist til margvíslegra forystustarfa.

peugeotisland.is

NÝR PEUGEOT 2008



KOMDU Í BRIMBORG Í DAG

Peugeot 2008 er draumabíll þeirra sem vilja glæsilegan og sportlegan bíl sem hentar fjölbreyttum aðstæðum. Útlínurnar eru mjúkar og ásýndin falleg. Peugeot 2008 er einnig mjög praktískur. Farangursrýmið er stærra en í mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt. Innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Hann er fimm dyra og fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með margverðlaunuðum Puretech vélum.

NÝR PEUGEOT 2008

Verð frá 2.590.000 kr.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

LEIÐARI

ÞEGAR ÖLLU ER SNÚIÐ Á HVOLF

Við höfum tilhneigingu til þess að líta svo á að allt sé að færast í rétt horf þegar jólin nálgast. Aðventan er nú hafin og eftirvæntingin eftir því að allt geti orðið „eins og það á að vera“ fyllir okkur kærleika, örlæti, hlýju og von. Þessi tilfinning er ýmsu háð; hefðum og siðum, aðstæðum hverju sinni, hverju við búumst við, hvað við vonum á. Aðventan er sérstakur tími fyrir alla, hverjar sem trúarskoðanir þeirra eru. Tími minninga og fjölskyldutengsla, tími ræktarsemi og uppskeru, ef það myndmál má nota um félagslega þáttinn í lífi okkar. Það getur verið erfitt að setja þetta allt í samhengi við það sem skiptir máli; en lífið er öfugsnúið ef að er gáð. Það má nefnilega segja að öllu sé snúið á hvolf í heimsmynd okkar þegar við reynum að rétta hana af fyrir jólin.

Það er óþarfi að telja upp siðina og hefðirnar sem við tengjum okkur við, til þess að ná einbeitingu til að breyta samhenginu sem við lifum í dags daglega. Það er til hátíðarbrigða. Heimabakað, hundruð þúsunda af „óþörfum“ handtökum tryggja að við séum í snertingu við þetta „ekta“ í einu og öllu – rjúpan, sultan, ísinn og þetta eina sanna jólaskap; við leggjum í raun og veru allt undir. Hver einustu jól. Og uppskerum? Jú spennufallið er þannig að við sprengjum frá okkur allt vit á áramótunum. Guði sé lof.

Nú er ég vissulega að ýkja en líf okkar á öllum öðrum tímabilum ársins gengur einhverskonar vanagang þar sem við spennum bogann ekki jafn kröftuglega, við brúkum ekki mælistikur eilífðarinnar af sama móð, sálarfriður fjölskyldna stendur ekki og fellur með rétt upp settri umgjörð um hið heilaga og fullkomna. Við kunnum öll að meta þennan „fasta punkt“ í tilverunni – það sem er alltaf á hinum heilögu nótum „eins“ – en við verðum að muna að það er ekki þá sem allt verður rétt og satt. Þegar við komumst á fasta punktinn þá erum við einmitt búin að snúa öllu á hvolf, og þá á ég ekki bara við að það sé búið að þrífa hátt og lágt eða umbreyta myrkrinu með þúsundum jólaljósa. Við beinum sjónum okkar að hinu smáa í samhengi við önnur viðmið en venjulega. Við sameinumst um hugsjónir og gildi í takt við jólasöguna af litlu barni sem fæðist í heiminn, í faðm fátækra foreldra á ferðalagi, en boðar með tilveru sinni að öllu verði snúið á haus. Að valdahlutföllin færist frá hinu veraldlega til hins andlega. Að hið saklausa verði metið að verðleikum. Að undrast. Að fyrirgefa. Skilja. Endurmeta. Sjá hlutina eins og þeir eru. Það er gott.

Íhugum á aðventunni

Væntingar okkar fullorðna fólksins breytast á aðventunni rétt eins og barnanna. Og kannski væntum við þess eins að allt verði eins og það var. Því fylgja sorgir fyrir þá sem hafa misst og því fylgir jafnvel örvænting í ranni þeirra sem gera ekki ráð fyrir að standast þær væntingar sem til þeirra eru gerðar. Jólaskapið er ekki eintóm gleði heldur líka friðsæll hugur þess sem endurmetur og skoðar gildi sín og viðmið. Hvernig samfélagi viljum við lifa í? Hvaða boðskap bera hefð og siðir með sér? Segir allt skrautið og verðmiðarnir á pökkunum okkur allt um það hver við erum og hvað við þráum? Eða er það glansmyndin af okkur sjálfum? Við getum vonað og varpað upp mynd, en leitumst við að allan ársins hring séum við þessi besta útgáfa af okkur sjálfum. Við skulum ekki pakka því öllu saman niður um leið og hátíð er gengin um garð.

Arnaldur Máni Finnsson

Rætur jólahátíðarinnar

Ekki er vitað hvenær Jesús fæddist en þó er ljóst að það var ekki 25. desember, segir í svari sr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar á Vísindavefnum um rætur jólahátíðarinnar.

„Jól voru haldin hátíðleg í Róm til forna (Saturnalia-hátíðin) og tengd heiðnum sólarguði, það er að segja að menn héldu upp á að daginn fór að lengja á ný. Dagana 17.-23. desember gáfu Rómverjar hver öðrum gjafir. Heiðnir norrænir menn héldu sömu hátíð á svipuðum árstíma tíma og hét hún, líkt og nú, jól.

Þegar kristni varð að ríkistrú hjá Rómverjum með Konstantínusi mikla árið 324, yfirtók kirkjan smám saman forna helgidaga og með tímanum festist 25. desember sem fæðingardagur Jesú. Sá siður skaut rótum undir aldamótin 400. Dagurinn var einnig tengdur fæðingardegi keisarans og þar sem Jesús var hinn eini sanni keisari fékk hann sína fæðingarhátíð. Jesús tók því bæði sæti sólarguðsins, keisarans og hátíðargleðinnar. Á 5. öld var jólahátíðin orðin miðlæg um alla kristnina sem fæðingarhátíð Jesú.

Í vesturkirkjunni hafa jól fengið jafnmikið vægi og páskarnir sem eru mesta hátíð kristninnar.

Heimild: Vísindavefurinn.is Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi. „Af hverju höldum við jólin í desember ef sagt er að Jesús hafi fæðst í júlí?“ Vísindavefurinn, 1. nóvember 2000.

AUSTURLAND

19. TBL. 5. ÁRGANGUR 2016

Útgefandi: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Arnaldur Máni, sími: 822 8318 & netfang: arnaldur@pressan.is **Umbrot:** vefpressan **Hönnun:** Davíð Þór Guðlaugsson **Prentun:** Landsprent. **Dreifing:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 5.500 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á AUSTURLANDI. BLAÐIÐ ER AÐGENGILEGT Á PDF SNIÐI Á VEFNUM WWW.FOTSPOR.IS

Þjónustustarf í þágu hugmynda

Nýr forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs er Kristín Amalía Atladóttir.

Hún tekur við starfinu af Unnari Geir Unnarssyni sem gengt hefur því undanfarin misseri.

Kristín hefur verið búsett á Austurlandi í eitt og hálft ár, en segist strax hafa heillast af svæðinu, menningu þess og sögu. Hún sé full tilhlökkunar yfir komandi tímum og hlakkar til að setja sitt mark á stefnu Menningarmiðstöðvarinnar á komandi árum. „Mín sköpunarþörf fær útrás í því að sjá önnur verkefni verða til og hlúa að vexti þeirra þannig að ég held að það skipti máli að ég er ekki listamaður heldur manneskja með innsýn og áhuga á rekstri og því að skapa umhverfi þar sem aðrir geta notið sín. Ég hef mínar hugmyndir um það hvernig sé hægt að virkja fólk en fyrst og síðast er forstöðumennskan í Menningarmiðstöðinni þjónustustarf í þágu íbúa fjórðungsins og þeirra listamanna sem finna hugmyndum sínum farveg í frjóu umhverfi.“

> *„Mín sköpunarþörf fær útrás í því að sjá önnur verkefni verða til og hlúa að vexti þeirra*

Félagslegur þáttur menningar

Kristín segist ekki hafa þörf fyrir að búa til girðingar eða skilgreiningar á því hvað það sé sem eigi heima innan sviðs MMF en fyrir henni sé ramminn mjög víður. „Fyrir mér er leiklist eða dans eða myndlist í raun þrjár hliðar á frásögn og ég þrífst allt eins á því að vera á þessum mörkum,“ segir hún en starf hennar síðustu ár hefur mest megnis verið á sviði framleiðslu og kennslu. Hún er með BA gráðu í leikhúsfræðum frá University of Glasgow auk þess sem hún stundaði framhaldsnám í kvikmynda- og leikhúsfræðum við Stockholms Universitet. Hún hefur einnig meistaragráðu í félagshagfræði með áherslu á nýsköpunar- og frumkvöðlafræði og lauk doktorsnámi í menningarhagræði en á eftir að verja ritgerðina sem hún flutti austur til að leggja lokahönd á. Hún vonar að víðfeðmur bakgrunnur hennar og reynsla sé góður grunnur til að byggja á. Kristín segist eiga eftir að kynnast stefnumörkun og núverandi starfsemi betur til að finna hvar hennar hugmyndir passi best en efst sé henni í huga að hún standi fyrir opinleiki gagnvart öllum formum frásagnarlistarinnar.

Að endurhugsa og virða menningararf

„Ég er endurreisnarmanneskja á mörkum fræða og finnst hagyrðingar og balletdansarar vera jafn velkomnir listamenn, allt sem snertir fólk og hreyfir við því er það sem skilgreinir listina en ekki staða formsins í menningarlandslaginu. Ég ber til dæmis mikla virðingu fyrir hinni einföldu frásögn, þar sem Maðurinn, röddin og hugurinn eru einu verkfærin. Hvort sem um endursögn á þjóðsögu eða ævintýri sem viðkomandi upplifði, þá er það list að hafa áhrif á þann sem nýtur frásagnarinnar,“ segir Kristín og bendir á að ágæt reynsla sé að komast á í Landnámssetrinu í Borgarnesi þar sem fólk kemur til þess eins að njóta frásagnar.

„Að endurhugsa mörg þeirra forma sem við þekkjum, er nauðsynlegt til að viðhalda og endurskapa menningararfinn og þó starfið sé auðvitað mjög í mótun og lítið komið í ljós til hvers aðrir ætlast af mér, þá gæli ég mjög við að þróa einhverskonar miðstöð frásagnar hér þar sem þjóðfræði, leiklist og bókmenntir eiga sinn sess. Hér höfum við líka stúdíó og hlaðvarps og útvarps-menning er í sókn en það eru verkfæri sem geta nýst til að vinna að pælingum um Frásagnarlistahátíð, eins og við höfum sem dæmi Þjóðlagahátíð á Siglufirði.

Hver forstöðumaður hefur sínar áherslur

Kristín er af kynslóð frumpönkaranna í Vogahverfinu en foreldrar hennar voru verkafólk og listunnendur í Reykjavík. Uppúr tvítugu hófst nokkur flækingur á Kristínu, nám störf í Svíþjóð og Skotlandi. Leiklistin var hluti af þeim ramma fyrst en síðan þróast fræðagrunnur hennar út í pælingar um hina stærri mynd; um áhrif menningar, mikilvægi sköpunar og skapandi hugsunar sem dæmi. Hún segir muninn á menningarlandslagi Reykjavíkur og landsbyggðar mikinn. Munurinn sé í raun svipaður og hún hafi upplifað í Skotlandi þegar hún lauk sínu námi þar, þar sem auðmýktin gagnvart því að feta braut listarinnar var áþreifanleg. „Á Íslandi hafa alltaf verið til svolítið formaðar elítur sem sumir hafa geta gengið inní án þess í raun að sanna sig neitt sérstaklega. Listamenn verða ekki til við það eitt að hafa prófgráður og við þurfum að skapa hér aðstæður þar sem fólk getur byrjað, tekið sín fyrstu skref og þroskað list sína. Það er mitt hlutverk, að laða fólk að þessum vettvangi þar sem eru fyrirmyndar aðstæður til sköpunarstarfsins.“

Kristín segir starfsemina mótast hverju sinni hjá áhugasviði hvers og eins forstöðumanns en hennar styrkleiki felist í að vera inn í stofnanaumhverfinu og hafa áhuga á að skapa ramma fyrir starfandi listamenn í miðstöðinni. „Aðstæðurnar eru það sem þarf að vera fyrir hendi og móralskur og fjárhagslegur stuðningur til að koma á koppinn verkefnum sem eru í þróun. Um leið er það mikilvægt að MMF sé vettvangur þar sem hugmyndum er mætt af alúð og þær studdar til þroska, því í minni vinnu hefur það alltaf verið meginatriðið að finna hinn praktíska farveg til að hugmyndir verði að verkefnum.“

Kristín segir jafn framt að hin fjölbreytta og ríkulega menning sem hún skynji á svæðinu efli hana til að skapa og finna farveg fyrir það sem er í grasrótinni, til að starfsemi hússins blómstri í bland við hin praktísku verkefni sem liggi fyrir. Uppbygging hússins í takt við viljayfirlýsingu um Sviðslistahús og fyrirhuguð Ormsstofa séu ögrandi verkefni sem verði gaman að takast á við á þessum vettvangi.

Bjartur föstudagur

Afslættir, birta og gleði, miðvikudag til laugardags í Ormsson

Pioneer

X-HM21BT-K/S
Bluetooth stæða
Til í svörtu og silfur.
Áður kr. 45.900,-

KR: 36.900,-

AEG

Þvottavélar

25%

Tvö módel verða afhent á miðvikudag nk.

Tefal

25%

AEG

EQUIPT

KR: 9.999,-

brabantia

Ruslafötur

30%

AEG

Þurrkarar

25%

Skullcandy

25%

KR: 33.900,-

BRAUN

Hársnyrtitæki

30%

Lyklaborð USB

KR: 990,-

DIGFH151DVD
Digihome 22“ 12v./230v. TV m.DVD
Verð áður kr. 49.900,-

Verbatim

LED perur í úrvali

25%

MISFIT

KR: 3.490,-

Misfit skrefamælar Áður kr. 4.990,-

levenhuk

LEV65555
Stjörnusjónauki
Áður: kr. 14.900,-

KR: 9.900,-

ormsson.is

VERSLUNIN PAN

EGILSBRAUT 6 · NESKAUPSSTAÐ · SÍMI 477 1900

ORMSSON VÍK

MIÐVANGI 13 · EGILSSTÖÐUM · SÍMI 471 2038

Svipsterkir Hestar Péturs

Á síðustu vikum hefur hinn kunni og ástsæli myndlistarmaður Pétur Behrens kynnt úrvalsbók hestamynda sinna, Hestar, sem hefur að geyma sýnishorn af æviverki hans. Textar fylgja á íslensku, ensku og þýsku. Verkið er glæsilegt í alla staði og eigulegt bæði fyrir listunnendur og hestafólk.

Pétur Behrens kom fyrst til Íslands árið 1959, þýskur námsmaður í leit að vinnu. Hann kynntist íslenska hestinum og flutti alkominn til landsins 1962. Árið 1963 sá hann auglýsingu í Tímanum, um að það vantaði tamningamann og réð hann sig á staðinn alls óvanur tamningum. Síðan hefur samreið Péturs og íslenska hestsins verið óslitin. Hann er höfundur bókarinnar Að temja sem Eiðfaxi gaf út árið 1981 en hann er einnig myndlistarmaður sem hefur fengist við íslenska hestinn sem myndefni alla tíð. Hestar, sem kom út nú í nóvember, er safn mynda eftir Pétur frá ýmsum tímum.

Pétur átti drjúgan þátt í stofnun Félags tamningamanna, sem var stofnað á Hótel Loftleiðum 1970. Hugmyndin kviknaði þó í litlu risherbergi norður á Ströndum þar sem Pétur og fleiri störfuðu við tamningar. Pétur var lengi í stjórn félagsins og var eins konar siðameistari þess, en honum þótti skorta nokkuð á aga í stétt tamningamanna á Íslandi, alla vega framan af.

Hann bjó stóran hluta ævinnar í Breiðdal og var einn af stofnendum hestamannafélagsins Geisla í Breiðdal og formaður þess um skeið, og var í stjórn HRAUST um árabil.

Hrannar og hryssur hans röltu á undan mér í háu grasi.Sjóndeildarlína dregin. Sinugulur litur ýktur, grafísku táknin sitt hvorum megin líka og síðan blár regnbogi spenntur yfir allt sviðið. Þetta vildi ég gjarnan sjá einhvern tíma!

Pétur átti sæti í landsliði Íslands á Evrópumóti í Sviss 1973. Hann var oft liðstjóri liðsins, en þar naut tungumálakunnátta hans sín vel.

Pétur og kona hans Marietta Maissen, hafa í fjölmörg ár þýtt ógrynnin öll af greinum og viðtölum við íslenskt hestafólk yfir á þýsku fyrir Eiðfaxa International og komið þannig íslenskri hestamennsku og íslenskum viðhorfum til skila yfir á meginlandið

Þau búa nú á Fljótsdalshéraði og hlaut Pétur gullmerki Landssambands hestamanna fyrir nokkrum árum síðan.

Texti LH

„Hrafnkell átti þann grip í eigu sinni, er honum þótti betri en annar. Það var hestur brúnmóálóttur að lit, er hann kallaði Freyfaxa sinn. Hann gaf Frey, vin sínum, þann hest hálfan. Á þessum hesti hafði hann svo mikla elsku, að hann strengdi þess heit, að hann skyldi þeim manni að bana verða, sem honum riði án hans vilja." Einar, sonur Þorbjarnar á Hóli í Hrafnkelsdal, er kominn í vist að Aðalbóli. Við hann segir Hrafnkell: „En varnað býð eg þér á einum hlut: Eg vil, að þú komir aldrei á bak honum, hversu mikil nauðsyn sem þér er á …" Seinna tekur unglingurinn Freyfaxa ófrjálsri hendi og smalar á honum sauðum Hrafnkels. „Einar reið Freyfaxa allt frá eldingu og til miðs aftans. Hesturinn bar hann skjótt yfir og víða, því að hann var góður af sér." Blýantur og ógnandi rautt.

Ljósárgil. Við horfðum frá bænum okkar á Breiðdalsfjöllin í rúm 25 ár. Þau eru dásamlega litrík, mislitsterk eftir árstíma og birtu. Á milli Flögutinds og Berufjarðartinds er ytra Ljósárgilið og þar finnurðu rauða, gula, græna og meira að segja bláa tóna í líparítbrekkunum. Vatnslitir.

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðan 1995



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Lögg.fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Erlendur Davíðsson
Löggiltur fasteignasali
Skjalagerð, Forstm. útibús Ólafsvík
897 0199

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og lögg.fasteignasali
694 6166

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala
Snæfellsnesi
893 4718

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

FÉLAG FASTEIGNASALA

Allir þurfa þak yfir höfuðið
588 4477
Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð
2015 Framúrskarandi fyrirtæki
Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!
Valhöll fasteignasala | Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

Ný 2017 Hobby hjólhýsi og húsbílar á sanngjörnu verði

Mun breiðari og vandaðri inngönguhurð og nokkrar fleiri breytingar á 2017 hjólhýsunum.

Góður tími til að fá verð og panta fyrir vorið.

Facebook: B1 innflutningur bíla og hjólhýsa **Email:** boas@b1.is / Strandartindur ehf / Miðvangur 1-3 700 Egilsstöðum/ Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 7775007

Óska öllum viðskiptavinum Gleðilegra Jóla

Strandartindur ehf. flytur inn fólksbíla, vörubíla, vinnuvélar og rútur.

Facebook: B1 innflutningur bíla og hjólhýsa **Email:** boas@b1.is / Strandartindur ehf / Miðvangur 1-3 700 Egilsstöðum/ Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 7775007

Ömmu og afabókin mikla

Íris Dóróthea Randversdóttir er lifandi og skemmtilegur penni sem ber auðsýnilega mikla umhyggju fyrir umfjöllunarefni sínu og smitar kæti og ríkulegri elsku út frá sér með sögum sínum af músunum litlu og Músaömmu og afa. Íris er menntuð sem leik- og grunnskólakennari og starfaði um árabil á þeim vettvangi, m.a. á Hallormsstað og í Brúarási á Fljótsdalshéraði. Hún vatt kvæði sínu í kross í fyrra og leggur þessa dagana aðaláherslu á handverk þar sem hún framleiðir litlar þæfðar brúður af ýmsu tagi á verkstæði sínu í Hugvangi á Egilsstöðum. Fyrir nokkrum árum síðan fór hún að gefa ritstörfum meiri gaum og er hluti þess teymis sem stendur að baki bókaútgáfunni Bókstaf á Egilsstöðum, ásamt Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Þórunni Hálfdánardóttur, Sigurlaugu Gunnarsdóttur og Svandísi Sigurjónsdóttur.

Skrifin urðu blessun

Að sögn Írisar var það mikil blessun á erfiðum tíma að finna farveg sem færði birtu í lífið með skrifunum. Ekki aðeins hennar eigið heldur fann hún líka að sögurnar af mýslunum og Músaömmu glöddu lesendur og vini á Snjáldurskinnunni. „Skriftirnar fólu eiginlega í sér tvöfalda blessun. Það skiptir miklu máli að ná sér upp úr því að vera á erfiðum eða vondum stað í lífinu. Við getum öll lent þar og sköpunin er leið til að opna fyrir birtu sem annars er hætta á að lokist af“.

Sögurnar bera þess sannarlega ekki merki að höfundurinn sé að vinna sig útúr erfiðum tilfinningum. Íris gefur okkur heilmikla innsýn í líf Músaömmu og þær yndislegu aðstæður sem hún finnur sig í með músaungunum fimm. Eins má finna kafla í bókinni sem eru helgaðir Afasögum eða ferðalögum til hirðarinnar á Jótlandsheiðum. Allt verður þetta afskaplega ævintýralegt og myndir Unnar Sveinsdóttur og umgjörðin gera textana mjög aðgengilega og lifandi þó að ekki sé um línulega frásögu að ræða. Íris segir að í fyrstu hafi hún ekki verið viss um hvernig hún ætti að matreiða þessar sögur á Snjáldurskinnuna, sumar hafi verið of langar eða skrýtnar en á endanum hafi hún fundið þennan meðalveg með að finna í þeim kjarnann og draga hann út. Enda má segja að hver og ein „örsaga“ sem birtist í bókinni sé vandlega hugsuð og knöpp pæling um eitthvert af undrum hversdagsins. Í formála kallar Íris bókina raunar Ástarsögur Músaömmu, og segir þær vera ástaróður til barnabarnanna sinna sem eru öll eins og óslökkvandi sólargeislar í lífi hennar. Lýsing hennar er raunsönn og undurhlý þar sem hún segir: „Þegar ég hef fyrst litið örsmá andlitin þá hefur mér liðið eins og mér hafi verið gefið allt heimsins gull. Ég verð allt í senn þakklát, gráti nær af hamingju og yfirkomin af auðmýkt gagnvart kraftaverkum lífsins.“

Öll börn eru fjársjóður

„Það á að taka eftir börnum, veita þeim athygli og bera fyrir þeim virðingu. Börn eru svo ofboðslega merkilegar persónur, alveg frá því við byrjum að kynnast þeim. Og við kennum þeim kurteisi og mannasiði með því að bera virðingu fyrir þeim“ segir Íris með áherslu. Eins og áður kom fram starfaði hún lengi sem kennari og henni finnst kennarar bera gríðarlega ábyrgð í samfélaginu og nándin sem börnin upplifa er það sem fylgir þeim út í lífið. „Þetta er því gríðarlega vandasamt og erfitt starf. Foreldrar mega samt ekki framselja uppeldishlutverk sitt til stofnana því með því að eignast barn hefur maður skuldbundið sig til þess að sinna þeim einstaklingi í 20 ár.“ Aftur á móti telur Íris það mikil forréttindi að fá að skipta um hlutverk og taka að sér ömmuhlutverkið og um það fjallar bókin hennar öðrum þræði og er lofsöngur til þess hlutverks. Í því samhengi minnist hún einnig ömmu sinnar.

„Amma Dóróthea var óendanlega ljúf og hlý, kenndi mér að spila og sauma, ég fékk að snúa kleinum, setja rúllur í hárið á henni, fékk að sofa hjá henni næstum þegar ég vildi og er þá fátt eitt upptalið. Þess vegna finnst mér amma mín fyrirmynd. Ég tek hlutverk mitt sem ömmu mjög alvarlega því við erum alltaf að kenna börnum hvernig þau eigi að vera. Félagsmótunin fer fram alveg frá upphafi og þar eigum við eldra fólkið ótrúlega þakklátt hlutverk á svo mörgum sviðum.

Amma mín var trúuð og lagði grunn að minni barnatrú og trúarlífi framar öllum öðrum. Hún gerði það með því að kenna mér bænir og ég reyni að miðla öllu því góða sem hún gaf mér og systkinum mínum. Hún skipti verulegu máli í okkar lífi.“

Það er því ósköp eðlilegt að sögusviðið í bókum hennar sé í Ömmuholu en Íris byrjaði að skrifa sögurnar uppúr því að sonur hennar og tengdadóttir fluttu til Egilsstaða með þrjár af mýslunum fimm sem fjallað er um í bókinni. Við þau tímamót urðu yndisleg umskipti að mati Írisar enda öll ömmugullin dýrmæti sem mikils virði er að fá að umgangast.

Íris er mjög létt og glöð með að deila lífi síni og afkomenda sinna með þessum dulbúna hætti en segir það hafa verið tilviljun að bókin hafi orðið til. „Það var bara alltaf kallað eftir meiru af vinum og vandamönnum eftir að ég fór að birta sögurnar á Snjáldurskinnunni og aldrei hugsunin að hér væri að verða til bók. Núna er aftur til efni í aðra bók ef áhugi verður fyrir hendi, þó ég hafi aldrei ætlað mér að verða rithöfundur með þessu uppátæki.“

Músadagar er skemmtilesning með ævintýralegum blæ sem er full af hversdagslegum atvikum og undurfallegum frásögum af forvitni og uppátækjum lítilla músa í bland við margt sem ömmur og afar kannast við. Inn á milli læðast uppskriftir af kökum og hversdagslífi sem bæði ömmur og afar tengja við, auk þess sem litlum börnum finnst fátt skemmtilegra en að heyra sögur af öðrum litlum börnum með ævintýrablæ. Það gefur lífi þeirra sjálfra lit og setur í samhengi töfra æskunnar og þá einföldu staðreynd að lífið er alltaf að koma á óvart.

Jólagaldur í ömmuholu

Galdurinn við að fylla dunka og bauka af dásamlegum jólasmákökum felst í gleðifræðum músabaksturs. Kjarninn er hlátur, glens og gaman. Framlag hverrar mýslu er mikils metið með hrósi, kossum og knúsi ömmu. Og það er aldeilis líf í tuskunum við tækifæri eins og jólabakstur. Heyrst hefur að það hafi hvarflað að músaömmu að snjallræði væri að eiga steypuhrærivél á þessum árstíma svo fjölfalda mætti uppskriftir að vild. Víst er að hrátt deigið í eftirfarandi uppskrift þykir músarungum ömmu eitt og sér hið mesta hnossgæti. Hreint ekki síðra en smákökurnar sem til stendur að baka og fylla eiga stóra skrautlega jóladunka og kökubauka ömmu. Óvíst er hvort meira er bakað eða etið af þessu deigi. Því er þessi uppskrift höfð stór og vegleg.

JÓLAKÁTÍNUR

- 300 gr mjúkt smjörlíki
- 2 stórir bollar af dökkum púðursykri
- 2 stórir bollar sykur
- 4 stykki stór og falleg egg
- 4 bollar hveiti
- 1 teskeið salt
- 2 teskeiðar natrón
- 1 teskeið vanilludropar
- 250 gr dökkir súkkulaðibitar
- 250 gr valhnetur í bitum

Þegar amma er búin að finna gleraugun sín byrjar gamanið. Hún les uppskriftina og sendir mýslur eftir efni og áhöldum á viðeigandi staði samkvæmt ströngu skipulagi. Dæmigert fyrirkomulag er þannig að Sú brúneygða sæki sykurinn og hveitið í stóru skúffuna, Sú með fiktiputtann finni til lyftiduft, hnetur og krydd úr litlu skúffunni, Sú með tvær tennur í neðri góm teygi sig eftir eggjum og smjörlíki í kæliskápinn – og megi nota hnall til þess að standa á segir amma. Hún sækir svo sjálf súkkulaði á leynistaðinn, aukabirgðir eru auðvitað á allra leynilegasta staðnum.

Hrærivélinni er klappað og strokið svo henni gangi vel að hræra og þannig eru svo næstu skref:

Sykur og smjörlíki hrært vel saman. Eggjum bætt út í, einu og einu í senn. Talið er hollt að hafa slatta af eggjaskurn í deiginu og því ekki amast við smábrotum. Allt hrært þar til létt og ljóst, vanilludropum slett út í. Mýslur telja heppilegt að smakka örlítið á deiginu á þessu stigi til að fullvissa sig um að mistök hafi ekki átt sér stað. Svo blanda mýslur hveiti, natróni og salti saman í skál með það í huga að blanda út í soppuna. Til að spara uppvask er blandað með höndum og lófum óvart klappað nokkrum sinnum saman til þess að láta lofta um hveitið. Þurrefnum svo blandað saman við hin blautu. Þyki deigið of þurrt hentar vel að bæta við eins og einu eggi. Síðast er súkkulaði og hnetum bætt í deigið. Bragðsýni tekin með hæfilegum millibilum.

Deigið er sett í toppa á ofnplötur með teskeið og bakað við 180 gráðu hita. Deigið rennur nokkuð út þannig að gæta þarf að bilinu á milli. Hins vegar þykir sannað að lag og stærð á kökunum skiptir engu máli – bragðið er það sem skiptir öllu máli. Þótt kökurnar minni á snjókarla, jólakúlur, reiðhjól, geitur eða krókódíla gildir það einu ef bara er gaman að vera til!

Frá fyrstu línu til þeirrar síðustu

★★★★☆

Það ólgar blátt blóð um lófalínur Sigurðar Pálssonar á kápu nýjustu bókar hans, Ljóð muna rödd. Þetta afkastamikla skáld hefur rödd sína enn á ný, starir inn í tómið og óendanleikann og lætur sig dreyma; hlýðir röddum og þreifar á heillagripum, rétt eins og skáldin gera. Verkið byggir á fjórum köflum sem tengjast frumefnunum eldi, jörð, lofti og vatni í yfirheitum sínum og ramma þannig inn með klassískum hætti einhverskonar heildarhugsun sem er Sigurði töm. Frá upphafi ferilsins hafa fimm þriggja-ljóðabóka-söfn litið dagsins ljós, Vega-safn, Námu-safn, Línu-safn, Tíma-safn en síðasti þríleikur Sigurðar innihélt Ljóðorku-titlana þrjá; Ljóðorkusvið, Ljóðorkuþörf og Ljóðorkulind. Það var einhver áhugaverð frumorka í gangi í þessu Orku-safni, stundum eitthvað hráslagalegt en alltaf fágað, alltaf meðvitað og alltaf stutt í húmorinn, eins og búast má við af Sigurði Pálssyni. Í Ljóð muna rödd eru þessi einkenni á sínum stað en að einhverju leyti hleypir skáldið okkur nær sér en oft áður, fínstilltur tregi og innblásin kærleikur ylja manni, en um leið er táknheimurinn, sem vísar jafnan út fyrir sig og inní sig, í algleymið, skáldskapinn, söguna og persónulegar upplifanir; hann er á sömu hraðferð og hefur verið. Lífsþrótturinn í verkinu stendur auðvitað uppúr í huga hins meðvitaða lesanda: Lífsviljinn þar sem skáldið „syngur áfram“ í ljósi þeirrar staðreyndar að Sigurður hefur síðustu misseri glímt við erfiðan sjúkdóm, snertir við öllum og við öðlumst hlutdeild í hugrekki skáldsins við lesturinn. En æðruleysið er líka aðdáunarvert í ljóðunum þar sem „Galopið galtóm/bíður eftir ljósinu“ í ljóðum eins og Jörðin bíður í kaflanum Jörð (37). „Að vera lifandi/er að halda gladværri spurn/og undrun/sem kviknar á hverjum morgni// fellur eins og/manna/brauð af himnum“ (49) segir Sigurður í VII hluta Raddir í loftinu. Lífshvatningin, lofsöngurinn til lífs, skáldskapar, orða og drauma birtist í slíkum hendingum og af þeim er nóg í enn einu frjóvgu verki Sigurðar. Röddin er styrk þó hún titri á stundum og fyrrnefndur þáttur Raddir í loftinu gríðarsterkur. Á stangli í verkinu eru óvænt skot úr áttum sem maður er ekki alltaf viss um að eigi heima þarna, en það er ekki óvanalegt í verkum Sigurðar og ekki víst að frásögustíllinn á sumum prósaljóðunum falli hinum knappast þenkjandi af ljóðunnendum í geð. En þegar saman er tekið þá er verkið þrunginn óður til lífsins, óður til ástarinnar og sjónarhorns skáldskaparins, sem er ljósið sem lýsir; hin eilífa bergvatnsá, birtan. Skáldið syngur „hinu hverfula dýrðaróð... hinu horfna saknaðaróð... hinu ókomna fagnaðaróð“ (70) og það er óhætt að segja að það sé þess virði að vera í föruneyti þess á ferðalaginu; því það er í átt þessarar birtu „sem stöðugt vex með kvöldinu“ (75) og fyllir mannskepnuna heilagri gleði. Ég leyfi mér að óska þess að kraftaverkin auki spönn við aldur skáldsins og að sjötta trílógían líti öll dagsins ljós; því í manninum er enn ljós og sú harka sem til þarf að varpa litbrigðum þess, kristölluðum, yfir hversdag okkar hinna.

Laufey með ljóðum austfirskra skálda



Sigríður Laufey Sigurjónsdóttir sendi á dögunum frá sér hljómdiskinn Laufey með frumsömdum lögum við ljóð textahöfunda sem eru að meiri hluta heimamenn, þau Sólveig Björnsdóttir, Ágústa Ósk Jónsdóttir, Arnar Sigbjörnsson og Páll Ólafsson. Útsetningar vann Daníel Arason skólastjóri tónlistarskólans á Egilsstöðum og annaðist upptökur en flestir flytjendur eru af Austfjörðum og Héraði. Sigríður Laufey byrjaði ung að semja lög og hefur um árabil verið virk í tónlistarlífi, sungið í sönghópum og kórum og stjórnað barnakór við Egilsstaðakirkju. Laufey má nálgast hjá útgefanda, í síma: 892 – 9434, í netfanginu siggalaufey@simnet.is en hann verður einnig til sölu á markaði Kvenfélags Eiðaþinghár, Barnaskólanum Eiðum, 3. desember og á á jólamarkaði Barra, 17. desember.

Reykjavíkurmær í útlegð!



Ert'ekki að djóka, Kolfinna? er fyrsta bók höfundarins Hrannar Reynisdóttir sem búsett er á Eskifirði. Hrönn er ættuð frá Eskifirði en uppalin á Ísafirði. Hún flutti átján ára gömul til Eskifjarðar og hefur að mestu leyti búið þar síðan. Hrönn starfar við grunnskólann á Eskifirði og hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Tanna Travel.

Hún er fimm barna móðir og fimm barna amma.

Ert'ekki að djóka, Kolfinna? segir frá Reykjavíkurstúlkunni Kolfinnu sem er send til ömmu sinnar á Eskifirði til sumardvalar eftir að 10. bekk lýkur um vorið. Henni líst vægast sagt illa á þær fyrirætlanir og hefur mjög ákveðnar hugmyndir um staðinn. Skemmst er frá að segja að margt kemur henni hins vegar á óvart. Hún uppgötvar áður ókunna hæfileika hjá sjálfri sér sem verða til þess að hún hefur óvænt áhrif á líf annars fólks.

Jólakortatíðin hefst

Listnemar gera jólakort Hollvinasamtaka

Hollvinasamtök heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði, HHF, hafa gefið út annað og þriðja kortið í röð jólakorta sem prýdd verða listaverkum nema af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum. Kortin eru fjáröflunarverkefni HHF, sem styður sérstaklega við hjúkrunarheimilið Dyngju á Egilsstöðum og heilbrigðisþjónustuna á Héraði og Borgarfirði eystra.

HHF efndu í samstarfi við Ólöfu Björk Bragadóttur, verkefnisstjóra listnámsbrautar ME, til listaverkasamkeppni innan brautarinnar í haust. Til grundvallar var lagt að leitað væri að forsíðumynd fyrir jólakort HHF og að myndefnið væri tengt skógi. 35 tillögur bárust í samkeppnina. Dómnefnd valdi úr hópi mjög frambærilegra verka 2 tillögur, sem ómögulegt reyndist að gera upp á milli. Annars vegar er mynd eftir Kristrúnu Björgu Nikulásdóttur frá Reyðarfirði, sem er á 4. ári á listnámsbrautinni og hins vegar mynd eftir Kolbrúnu Drífu Eiríksdóttur á Egilsstöðum, á 3. ári. Kolbrún átti einnig verðlaunamynd jólakortsins 2015.

Annað jólakorta HHF 2016 þótti fanga anda bernskunnar og jólanna vel. Höfundur: Kristrún Björg Nikulásdóttir 4.árs nemi á listnámsbraut ME

Að gera sér dagamun

– Þorgeir Arason

Nú er aðventan hafin og biðin mikla eftir hátíðinni sem er í vændum. Þá munum við sennilega öll vilja, þegar hátíðin kemur loks, gera okkur dagamun. Mig langar aðeins að fá okkur til að hugsa um hvað þetta orðtak þýðir, að gera sér dagamun!

Það þýðir í grunninn að ekki séu allir dagar eins, við gerum einhvern mun á dögunum. Við tökum frá einhverja daga sem eru öðruvísi en hversdagurinn, gerum okkur úr því bæði hátíð og hvíld frá því „venjulega".

Á dögunum var mér sagt frá gömlum bónda hér fyrir austan, sem er reyndar dáinn núna. Á þeim tíma sem sauðfé var slátrað heima á bænum þá hafði hann það sem fasta reglu, hvernig sem aðstæður voru, að það mátti ekki lóga fé á sunnudögum. Eflaust hefur þessi regla gilt á fleiri bæjum á sínum tíma. Sunnudagurinn var helgidagur, hann átti að vera öðruvísi en hinir. Það er ekki gott þegar allir dagar verða eins.

Jafnvel burtséð frá öllu trúarlegu höfum við öll þörf fyrir tilbreytingu og hvíld. Í nútímanum eigum við á hættu að glata tilfinningunni fyrir því að ákveðnir dagar skeri sig raunverulega úr. Sem betur fer eru jólin ennþá virkilega sérstakur tími fyrir Íslendingum. Við reynum að hafa þennan tíma frátekinn fyrir fjölskylduna og tilfinningin fyrir því sem byrjar klukkan sex á aðfangadag er líka sterk.

En það er ekki sjálfgefið að við höldum í þessa tilfinningu. Það er gaman að fá að njóta aðventunnar með allri sinni tilbreytingu og hátíðarstundum, en við verðum samt að muna að gera raunverulegan dagamun um hátíðina sjálfa. Nágranni minn einn kenndi mér lexíu um þetta í fyrra. Á miðri aðventu spurði ég hann hvort hann ætlaði nú ekki að fara að setja upp jólaljósin hjá sér eins og við hin í götunni. Þá sagðist hann ekki gera það fyrr en 2-3 dögum fyrir jól. „Það verður nú að vera einhver hátíð" sagði hann! Þetta mátti ekki byrja of snemma!

Dagamunurinn er margbreytilegur

Fyrir mér, eins og svo fjölmörgum öðrum, er það hluti af daglegri rútínu að ég skoða Facebook-síðuna mína, er stöðugt að líta á símann eða með tölvuna í seilingarfjarlægð. Það vakti mig svolítið til umhugsunar á dögunum, eftir að eldri dóttir mín, fimm ára, fékk að nota gamla símann frá mömmu sinni sem leikfang, þá komu mörg kvöld þar sem hún vildi ekki sofna öðruvísi en að hafa símann með sér upp í rúm og vera að handfjatla hann. Þetta sér hún auðvitað foreldrana gera á öllum tímum. Ef aðstæður okkar leyfa, þá gæti kannski verið góður dagamunur að gefa snjalltækjunum og samfélagsmiðlunum smávegis jólafrí? Þá höfum við kannski betra rými til að gera okkur raunverulegan dagamun. Þorir þú að prófa?

> *Jafnvel burtséð frá öllu trúarlegu höfum við öll þörf fyrir tilbreytingu og hvíld. Í nútímanum eigum við á hættu að glata tilfinningunni fyrir því að ákveðnir dagar skeri sig raunverulega úr.*

Hvað merkir aðventa?

– Guðrún Kvaran

Aðventa er annað heiti á jólaföstu. Hún hefst fjórða sunnudag fyrir jóladag og stendur því í fjórar vikur. Orðið aðventa hefur verið notað í málinu að minnsta kosti frá því á 14. öld og er tökuorð úr latínu adventus í merkingunni 'tilkoma'. Að baki liggur latneska sögnin advenio 'ég kem til' sem leidd er af latnesku sögninni venio 'ég kem' með forskeytinu ad-.

Framan af virðist orðið jólafasta hafa verið algengara í máli fólks ef marka má dæmi í fornmálsorðabókum og í seðlasafni Orðabókarinnar. Nafnið er dregið af því að í kaþólskum sið var fastað síðustu vikurnar fyrir jól og ekki etið kjöt. Í Grágás, hinni fornu lögbók Íslendinga, stendur til dæmis „Jólaföstu skal fasta hvern dag og tvær nætur í viku nema messudagur taki föstu af" (1992:30) og á öðrum stað segir:

Jólaföstu eigum vér að halda. Vér skulum taka til annan dag viku að varna við kjötvi, þann er drottinsdagar eru þrír á millum og jóladags hins fyrsta. Þá skal eigi eta kjöt á þeirri stundu nema drottinsdaga og messudaga lögtekna. (1992:31)

Árni Björnsson hefur fjallað rækilega um aðventuna og jólaföstu í bókinni Saga daganna og vísum við þangað um frekari fræðslu. Þar kemur meðal annars fram að aðventukransar sjást lítið fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld og algengir urðu þeir ekki fyrr en milli 1960 og 1970 (1993:334).

Guðrún Kvaran. „Hvað merkir aðventa?" Vísindavefurinn, 5. desember 2008. Sótt 28. nóvember 2016.

Linda

NJÓTTU ÞESS AÐ GEFA MEÐ ÞÉR!

PIPAR\TBWA • SÍA

Góa
Stofnað 1968

Þórbergur Halaður upp suður úr sveit

Tveir textar Megasar til heiðurs Þórbergi Þórðarsyni, fluttir á Þórbergsvöku í tilefni af 10 ára afmæli setursins í Suðursveit sem fram fór í haust.

Ég hef hengt jakkann
Ég hef hengt jakkann minn
í jesú fatahengið
idem heimslystar hálsklútinn
og í herrans sal inngengið
hallelú og sei sei já
englar undir og ofaná
míns drottins mengið

sett frá mér syndaskó
svo ég hlaupa nái
um herrans sælu mýri og mó
og miskunn dýra sjái
hallelú og sei sei já
svei því en ég þenki að þá
þó nokkur afföll fái
iðka svo fatafæð
í frelsisengladansi
lyftir mér í himinhæð
hjálpræðisins bransi
hallelú og sei sei já
það er ekki af og frá
að ég krýnist kransi

í náðarfaðm næ ég þá
hvar næðir ei né gnauðar
holslystin fúl og flá
míns frelsandi sauðar
hallelú og sei sei já
syndir burt mér flognar frá
þær síður allar auðar
norður ljós um lög og ása
nú eru næstum jól
en náðartíð upp runnin
flaska af kókakól
kætir þurran munninn
hallelú og sei sei já
sízt er mér nein eftirsjá
en byrgja þarf nú brunninn

Futuriskar
Dauf eru kvöld við dapra elda
döpur jól er felur sólu
hamrafeldur hugarskvaldur
hefja él á norðurhveli
þrútin starir þunguð meri
þrautaseig á austurteigum
lædast inní húsakynni

nú er yndi úti að standa
allt er gull á freðnri bullu
drúpaský með dyngjukrapi
draugaleg í lífsins spaugi
komirðu sála suðrá mela
sérðu kel í fullum dela
nú er sumars-sæluframi
sólarglóð í andans hlóðum

hver fer hér á hyrjarfari?
hver er að gara í fjöruþara?
er það maður? eða gleði?
er það hjól frá ægisstóli?
er það logi ljósra daga?
lifandi kvörn sem hrædir börnin?
nei það er rottu-þrautaskratti
þjóðardramb í mjólkurlambi

hvaða djöfuls-læti lemja
lítinn glugg á andans kuggi?
rauðmagi í rósaflóði
rymur hátt fyrir opnum gáttum
selur starir í sólardalinn
svifléttur i lífsins tifi
vindar svifta votum granda
vænar stjörnur af himni mæna

gling-gling-gló! og gott á páinn
guðumstór á suðurflóri
i tangódansi hann tekur að syngja
tekur að skella. hver er að smella?
sumargleði. syndin laðar.
sullur ögrar hverri bullu.
barbarí og barnapía
bróðir kær í voðaskæru

þegnskylda og þankaskvaldur!
þrekkur verður yðar bekkur
hnallar tólf og hundrað rellur
hnettir sex og átján kettir
fossaraf í freðnu hlassi
flórar sex á opnum ljóra
ástargal og ostaklessur
íþróttir og dauðasóttir.

látið geisa ljóð úr básí
ljúfa barn i mannlífsskarni!
spæjari! varstu sprok að segja?
sprungu lýs á rauðri tungu?
glyserin er guðleg læna.
gling-gling-gló og hver á hróið?
nybbari sæll og nói skrubbur!
nonsens kaos bhratar! monsieur!

RÝMINGARSALA
20% aukaafsláttur af öllum
GARÐHÚSUM
á meðan byrgðir endast

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

· Allt á að seljast
· Fyrstur kemur fyrstur fær
· Ekki missa af þessu

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu okkar **volundarhus.is** og í síma 864-2400.

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán VISA Lán

VH/16-05

Gastæki

Frábært í bílskúrinn eða minni verkefni

Einnota kútar
Engin leiga

MADE IN ITALY

Tilboð með kútum kr 24.990

Hitavír

Í þakrennur, frostvörn eða vatnslagnir.

Tilboð frá kr 1450

Vatnshitablásarar

Verð frá kr 89.990

Þurrktæki

íshúsið

viftur.is -andaðu léttar

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

SÆTOPPUR

Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

Ósinn, Hótel Höfn

★★★½☆

Höfn í Hornafirði
Opið allt árið
Verð: Þriggja rétta máltíð
5.600-12.000kr. á mann án drykkja

Ósinn er elsti heilsárs veitingastaðurinn á Höfn, 25 ára í ár en sjálft hótelið er 50 ára gamalt. Nýir eigendur tóku við Hótel Höfn í vor og er verið að yfirfara staðinn og breyta áherslum en núverandi matseðill var þróaður og unninn af José Vicente Garcia Agullo, sem einnig hefur unnið aðra hótelmatseðla á svæðinu. Í smekklegum matseðli má finna upplýsingar um sögu staðarins og frumkvöðlana en einnig geymir hann mjög breitt úrval af réttum. Umgjörð staðarins er hlýleg og kósý en staðurinn tekur um 50 manns í sæti. Salur á efri hæð hótelsins getur sinnt mun fleiri gestum. Eins og „hornfirsk lög“ gera ráð fyrir fær humarinn mesta athygli og fæst í sjö útgáfum en seðillinn spannar allt þar í kring; gæðalegar pítsur og matarmikinn svartborgara (Black Angus), klassíska rétti eins og lambakórónu og steiktan lax og frá matarmikilli sjávarréttasúpu til fínlegra forrétta. Þjónustan var afslöppuð en mjög góð, gestir bæði úr hópi heimafólks og ferðamanna.

Í forrétt var bragðað á snyrtilegum og vel balanseruðum rétti, gröfnu nauti og tvíreyktu hangikjöti ásamt tveimur djúpsteiktum saltfiskbollum (krósettum). Bæði kjötin voru mjög nákvæmlega hanteruð og góð, ekki of sölt eða afgerandi, en um leið bragðrík. Eftir á að hyggja var krósettunum ofaukið en piparrótarsósan gerði lítið fyrir þær, til að gera meira úr ferðalagi bragðlaukanna hefði jafnvel mátt vera snertur af einhverju bragðsterkara með þeim.

Aðalréttur kvöldsins var humartríó Hótel Hafnar sem vinalegur þjónn mælti með og glas af víni hússins, Pinero Sauvignon Blanc, sem passaði ágætlega með. Tríóið samanstóð af hvítlauksristuðum humarhölum, vorrúllu með salati og humarsúpu, borið fram á sérhönnuðum bakka fyrir réttina þrjá. Þessi blanda var heldur mild og óverulegt ferðalag fyrir bragðlaukana á milli rétta. Með lítilli fyrirhöfn mætti gera heildina meira afgerandi og spennandi. Það vantaði uppá fínleika og sérkenni hvers réttar fyrir sig, en eins og Hornfirðingurinn sagði „humar klikkar aldrei“. Eina meðlætið í aðalréttinum var salatið með vorrúllunni og þar sem ofgnótt af fetaosti í olíu ásamt majónesi var langt í frá nógu vel stillt við heildina.

Eftirrétturinn lokaði kvöldinu með kærkomnum ferskleika í Créme Brulé þar sem hráefni úr nágrenninu glöddu bragðlaukana. Vanilluís úr Árbæ og franski glóðaði búðingurinn úr eggjum úr heimarækt gengu mjög vel upp saman, sem og í sitthvoru lagi. Mildur eftirréttur sem á vel við fersk berin og hressilegan espressó; Einfalt og fullkomlega í takt við máltíðina í heild.

MATARGAGNRÝNI

Ljóst er að staðurinn er nokkuð sterkur á svellinu þegar kemur að girnilegum pítsunum. Þær eru, eins og hamborgarinn, á mjög viðráðanlegu verði (um 3.000kr.) og sama má segja um aðra aðalrétti (lamb, naut, grís, lax, fiskur og pasta) sem eru á um 5000 kr. Á barnamatseðli er finn valkostur þorskur með kartöflum á um 1000 kr. Staðurinn getur vel borið hóp fullorðinna sem vill gera vel við sig í vinalegum aðstæðum en ekkert því til fyrirstöðu að droppa inn þó menn séu ekki uppáklæddir eða fyrir foreldra með börn.

Hótelstaðir þurfa eðlilega að taka mið af breiðum hópi gesta með ólíkar þarfir en þó er mikilvægt að jafnvægi sé í matseðlinum. Ef til vill er áhugaverðara að bjóða uppá tvær útgáfur af lambi og fjórar af humri, frekar en að státa sig—eins og flestir staðir á Höfn gera—að því að bjóða uppá heimahráefnið í sem flestum útfærslum. Humarréttur sem er virkilega spennandi og sker sig úr framboði á humarréttum gæti verið sterkari nálgun. Frábærar kjötvörur í forréttinum voru hvorki raktar til framleiðanda eða iðnaðarmanns, en humarinn á Ósnum er Skinney-Þinganes afurð. Ósinn mætti endilega hrista meira „lókal“ fram úr erminni í framtíðinni; en lítil atriði eins og það bæta miklu við upplifun gestanna.

Þjónustan á Ósnum er til fyrirmyndar sem gefur ástæðu til að ætla að staðurinn sé í góðum höndum hjá nýjum eigendum. Það verður því áhugavert að fylgjast með hverjar áherslur staðarins verða í framtíðinni.

Vísnaþáttur Þrúðu

Sælnú!

Þessa dagana eru tveir þjóðfélagshópar mikið í fréttum þ.e. Alþingismenn og kennarar. Þar sem ég tilheyri nú öðrum þjóðfélagshópnum fór ég að velta því fyrir mér í aðdraganda kosninga hvernig það væri ef frambjóðendur til Alþingis væru nemendur mínir. Niðurstaðan varð eftirfarandi.

Siggi Ingi situr fremst og Simma fellir
til skólastjórans honum skelli.

Simmi minn með sár á enni Sigga hunsar
upp hann rýkur, út hann strunsar.

Oddný litla eitthvað nú er annars hugar
athyglin lengur ekki dugar.

Ég atyrði hann Árna Pál, hann eitthvað dvelur
í skammarkrókinn skaust í felur.

Við kennaraborðið Katrín mín nú klappar lófum
alltaf er hún efst á prófum.

Grípur fram í Grímur Steinn með grodda orðum
endar síðan uppi á borðum.

Upp við töflu Unnur Brá er eitthvað þjóstin
öllum sýnir á sér brjóstin.

Birgitta er býsna kræf að bjóða í teiti
Þó Sigga, Bjarna og Simma neiti.

Frozenköku fram nú reiðir frekar rogginn
Bjarni litli bauð í gogginn

Birtist ekki Benedikt með bréf til sölu
með handapati heldur tölu.

Umsögn um aðra „nemendur mína“ bíða betri tíma.
Friður á aðventu.

Sigþrúður Sig

Nýjar bækur í BÓKAHILLUNA

Tvær frábærar bækur fyrir alla áhugamenn um fótbolta!
Önnur þeirra er 190 blaðsíðna ljósmyndabók og hin bókin er troðfull af skemmtilegum spurningum frá EM 2016.



Njótið þess að skoða dýr af öllum stærðum og gerðum. Græn, gul, blá og grá, eða jafnvel allt í senn, í bókinni Litadýrð dýraríkisins. Hundruð litríkar dýramyndir prýða þessa bók sem er 80 blaðsíður í stóru broti. **Vegleg jólagjöf fyrir krakka sem hafa gaman af dýrum.**



Huginn Þór Grétarsson endursegir söguna um hamar Þórs, Mjölni, út frá Þrymskviðu. Sagan hefst á því að Þór reiðist heiftarlega þegar hamri hans er stolið. Loki ferðast til Jötunheima og hittir þar Þrym þursadrottin sem hefur tekið hamarinn og falið hann djúpt í iðrum jarðar. En tekst Þór að ná Mjölni aftur?



Hahahaha! Híhíhí ... Stútfull bók af frábærum bröndurum. **Gamlir og góðir í bland við splunkunýja.** Þetta er bók fyrir þá sem vilja veltast um af hlátri yfir jólahátíðirnar ... og kannski eitthvað fram á nýtt ár! (vonandi með einhverjum hléum samt).

Brynja Sif Skúladóttir höfundur bókarinnar.

Sagan gerist á Austurlandi og kemur meðal annars við sögu hinn goðsagnakenndi Lagarfljótsormur.



Amma Mandana og sirkusinn eru um borð í Norrænu á leið til Íslands. En þau eru ekki fyrr komin til landsins þegar dularfullir hlutir gerast ...

Þessi saga af Heiðu er byggð á bókinni eftir Johanna Spyri, í hæfilega langri útgáfu svo börn geti kynnst þessu sígilda ævintýri. Dásamlegar myndir prýða bókina. **Hér er sannkölluð bókmenntaperla á ferð fyrir nýja kynslóð barna.**

Óðinsauga

AUSTURLAND

Blaðinu er dreift í 5.500 eintökum á öll heimili og fyrirtæki á Austurlandi. Blaðið er aðgengilegt á PDF sniði á vefnum www.fotsport.is

1. desember 2016

19. TÖLUBLAÐ, 5. ÁRGANGUR

RAKI?
Grátandi gluggar?
Er rakastigið of hátt?
ÍSHÚSIÐ
Þurrktæki
Tilboð 44.990
lokadagar
viftur.is

Kúnstin að segja nei

Það eru forréttindi að búa í smábæ en að sama skapi fylgir því mikil ábyrgð. Smæð samfélagssins gerir íbúum kleift að vera kunnug hvort öðru og aðstoða á marga vegu. Uppáhaldshátíðin mín á Seyðisfirði er 17. júní, þá safnast saman góður hópur fólks og allir eru í rólegheitunum að njóta þeirra viðburða sem eru í boði. Það alveg dásamlegt að vera með lítil börn á svona samkomum, aldrei of mikið í gangi í einu og alltaf hægt að fylgjast með litlu glókollunum á sveimi. Sama má segja um áramótabrennuna, eina sem þarf að passa er mæta á réttum tíma, allavega áður en brennan er búin.

En það fylgir einnig mikil ábyrð að búa í fámenni. Eins og í stærri samfélögum þarf að manna í allar stöður innan skólakerfisins, tómstundastarfs og sveitafélagsins. Hver og einn er knúinn að taka þátt hvernig sem það er mögulegt til að láta tannhjólin ganga. Kúnstin er að finna út hvar er hægt að segja já og hvar er hægt að segja nei. Til að byrja með er auðvelt að taka þátt en eftir því sem tíminn líður verða verkefnin stærri og meira hleðst upp, sumt dagar uppi og annað leysist af sjálfu sér.

Stuttu eftir að ég flutti hingað heyrði ég að æskileg stærð á sveitafélagi væri 1200 manns. Hugsanlega var verið að vísa í útsvarstekjur en eftir því sem árin líða þá verð ég sannfærðari um að það sé auðveldara að búa í fjölmenni, því ef þú segir nei þá er í það minnsta hægt að snúa sér að næsta manni. Það er nauðsynlegur fylgifiskur að vera með ríka ábyrgðartilfinningu gagnvart smábænum þínum. Í staðinn fyrir nokkrar klukkustundir á viku í sjálfboðavinnu eru lífsgæðin ómetanleg og hvergi betra að búa.

Tinna Guðmundsdóttir
Forstöðukona Skaftfells

Gluggafilmur
Sand& sólarfilmur
544 2030
MERKISMENN
www.merkismenn.is

Átt þú rétt á bótum eftir slys?

Hafðu samband
- það kostar ekkert
tryggingabaetur.is
s.464 5550

TRYGGINGABÆTUR
Sími 464 5550 | www.tryggingabaetur.is